

GJALDSKRÁ

vegna móttöku og hreinsun á seyru

1. **Almennt**
Gjaldskrá þessi gildir fyrir sameiginlega starfssemi sveitarfélagana Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps varðandi móttöku og hreinsun á seyru skv. samstarfssamningi dags. 07.02.2018.
2. **Móttökugjöld að Flatholti 3, Flúðum (Seyrustaðir).**
 - a) Aðildarsveitarfélögin: Skipta árlegum rekstarkostnaði Seyrustaða eftir magni frá hverju sveitarfélagi fyrir sig (kg á vigt).
 - b) Aðrir aðilar: Móttökugjald á verkaða seyru er kr. 33 + vsk.
3. **Hreinsunargjald vegna tæmingar rotþróa:**
 - a) Aðildarsveitarfélög: Skipta reksrarkostnaði vegna reksturs á hreinsibifreið með eftirfarandi hætti:

Rotþró undir 6m ³	kr. 20.000 á stk.
Rotþró yfir 6m ³	kr. 5.000 á m ³ .
Aukalosanir á rotþró	kr. 35.000 á stk og kr. 400 á km.

Að auki munu aðildarsveitarfélögin greiða hlutdeild í kostnaði í samræmi við akstur til og frá losunarstað í Flatholti 3. Á árinu 2018 mun allur akstur verða sérskráður á hvert sveitarfélag og í lok ársins 2018 munu aðildarsveitarfélögin ákveða hvaða kílómetragjald verður ákveðið við skiptingu á aksturkostnaði í hverju sveitarfélagi fyrir sig.
 - b) Aðrir aðilar: Greiða sama gjald og aðildarsveitarfélög auk kr. 500 á hvern ekinn km.
4. **Önnur ákvæði.**
 - a) Virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma hjá öðrum aðilum en aðildarsveitarfélögunum.
 - b) Gerð er krafa um að verkuð seyra sem mótekin er á Seyrustöðum sé eins hrein og kostur er og að aðskotahlutir fylgi ekki með. Ef þarf að hreinsa seyru vegna aðskotahluta er heimilt að innheimta 25% álag á móttökugjaldskrá.
 - c) Sveitarfélögin hafa forgang um að nýta hreinsibifreið fyrir sínar þarfir áður en seld er út þjónusta til annarra aðila.
 - d) Almennt er móttaka á Seyrustöðum háð tíðar- og veðurfari varðandi afsetningu á seyru og sveitarfélögin eru ekki skuldbundin til að móttaka seyru nema sé hægt að koma henni í afsetningu.
 - e) Gjaldskrá tekur breytingu eftir ákvörðun Oddvitanefndar 1. jan. ár hvert.

Gjaldskrá þessi er samþykkt á fundi Oddvitanefndar þann 11. maí 2018 og falla þá út gildi eldri ákvarðanir í móttökusamningum frá árinu 2017.

